

Skilaboðaskjóðan frumsýnd um helgina

Leikfélag Selfoss frumsýndi Skilaboðaskjóðuna eftir Þorvald Þorsteinsson í leikstjórn Gunnars Inga Gunnsteinssonar í Litla leikhúsinu við Sigtún 27. febrúar síðastliðinn.

Skilaboðaskjóðan segir frá henni Möddumömmu og syni hennar, honum Putta litla, sem búa í Ævintýraskóginum. Þegar Nátttrölllið rænir Putta til að breyta honum í tröllastrák sam-einast allir íbúar skógarins til að bjarga honum áður en sólin sest á bak við sólarlagsfjall. En þegar nornin, úlfurinn og stjúpán vilja ekki vera með þá eru góð ráð dýr.

Leikhópurinn samanstendur af sautján hæfileikaríkum leikurum á sviði, fögurra manna hljómsveit, ásamt fjöldanum öllum af einstaklingum sem vinna að leikritinu á bak við tjöldin.

Einstaklingar á öllum aldri eru hvattir til að mæta á Skilaboðaskjóðuna í Litla leikhúsinu við Sigtún. Hægt er að næla sér í miða á tix.is og verður leiksýningin sýnd næstkomandi helgar í mars og apríl.

Sjá viðtal við Ronju Lenu Hafsteinsdóttur á bls. 4.



Myndir teknar á rennsli. Ljósmyndir: Helga Guðrún Lárusdóttir.

Vel heppnað Guðjónsmót

Gleðin var allsráðandi í Íþróttahúsinu Íðu á laugardag þegar hið árlega Guðjónsmót fór fram. Tólf lið voru skráð til leiks en keppt var í þremur riðlum áður en undanúrslit og úrslit voru spiluð.

Fjöldi stuðningsmanna og áhorfenda lögðu leið sína í Íðu til þess að fylgjast með misgóðum knattspyrnuþrífum. Í undanúrslitum mættust ann-

ars vegar Set og Kaffi Krús og hins vegar Árborgir og Myrra. Eftir spennandi undanúrslit voru það Árborgir og Kaffi Krús sem mættust í úrslitum. Leikurinn var kannski ekki mikið fyrir augað en eftir tíu mínútur var markalaust og ekkert annað í stöðunni en að fara í vítaspyrnukeppni. Þar var Þorkell Ingi Sigurðsson allt í öllu og varði tvær víta-

spyrnur fyrir Árborgir sem stóðu uppi sem sigurvegarar.

Lokahólf mótsins var afar vel heppnað en það fór fram á Miðbar eftir úrslitaleikinn. Þar fékk Söldis Malla Steinarsdóttir viðurkenningu fyrir að hafa verið eftirtektarverðasti leikmaður mótsins. Hún spilaði marga leiki, flesta í marki, og átti nokkrar stórbrotnar vörslur.



Mynd af sigurliðinu. Mynd: Aðsend.

Fáðu fagmann í verkið

Framúrskarandi fyrirtæki 2020-2025



PÍPULAGNIR SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



**Raflagnir
Tölvulagnir
Ljósleiðaralagnir**



Gagnheiði 26, Selfoss ■ 480 3300 ■ www.tris.is



Eyravegur 51, 800 Selfoss
Sími 590-6996



Vilt þú fá áminningu?

Skráðu þig á póstlistann okkar á adalskodun.is og fáðu áminningu þegar ökutækið þitt á að koma í skoðun!

Opnað verður fyrir sumarúthlutun í orlofshúsum FOSS og Stavey frá og með 16. Mars 2026.

Opnunin er punktastýrð.

Orlofsnefnd FOSS

FOSS

Útihúsgögn.is



PANTANIR HAFNAR!

NÁTTÚRULEG

HANDSMÍÐUÐ GÆÐAVARA

- Douglasgreni
- Eik

info@utihusgogn.is
www.utihusgogn.is



Borðbekkir



Garðbekkir



Borðsett 4 - 12 manna



Hringborð

Vinnuskóli Bláskógabyggðar 2026

Flokkstjóri óskast



Bláskógabyggð óskar eftir að ráða flokksstjóra yfir vinnuskóla sveitarfélagsins og umhirðu opinna svæða og tilfallandi umhverfisverkefna sumarið 2026. Aldurstakmark er 20 ár, kröfur eru gerðar um almenn ökuréttindi og hreint sakavottorð. Starfstími er frá lok maí til loka júlí. Möguleiki er á starfi til 20 ágúst. Starfsvæðið er á Laugarvatni, í Laugarási og í Reykholti. Umsóknarfrestur er til 18 mars. nk. Einstaklingar eru hvattir til að sækja um, óháð kyni. Umsóknir berist á netfangið kristofer@blaskogabyggd.is. Upplýsingar gefur Kristófer í síma 860-4440 og 480-3000.

Cabin ehf kaupir Hótel Laka

Cabin ehf hefur gengið frá kaupum á Hótel Laka við Kirkjubæjarklaustur. Með kaupunum bætist öflugt og rótgróið hótél við rekstur félagsins sem rekur fyrir Hótel Cabin, Hótel Örð og Hótel Klett. Þá stendur yfir undirbúningur að opnun Moxy Reykjavík, sem áætlað er að opni árið 2028.

Hótel Laki er afar vel staðsett á Suðurlandi og hefur um árabil verið vinsælt hótél fyrir bæði innlenda og erlenda ferðamenn. Hótelid nýtur góðs orðspors fyrir vandaða þjónustu, notalegt umhverfi og einstaka nálægð við helstu náttúruperlur svæðisins. Þaðan er einstakt útsýni enda staðsetningin á milli jökla og eldfjalla.

„Við erum afar ánægð með að Hótel Laki bætist í hóp okkar hótela. Hótelid er frábær viðbót við reksturinn og fellur vel að þeirri framtíðarsýn okkar að byggja upp öflugt safn hótela



á Íslandi, bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni,” segir Jóhann Sigurðsson framkvæmdarstjóri.

„Við hjónin og fjölskyldan, sem höfum byggt upp þennan rekstur frá árinu 1973, erum afar stolt af því að geta afhent keflið nýjum aðila sem hyggst halda starfinu áfram af fagmennsku og metnaði“ segja Hörður Davíðsson og Salóme Ragnarsdóttir,

stofnendur Hótel Laka.

Með kaupunum styrkir Cabin enn frekar stöðu sína á íslenskum hótélmarkaði og eykur viðveru sína á Suðurlandi, sem er eitt vinsælasta ferðamannasvæði landsins. Áhersla verður lögð á að byggja áfram á sterkum grunni Hótel Laka, viðhalda þeim gæðum sem þar hafa einkennt reksturinn og skapa frekari tækifæri til vaxtar.

Rekstur hótelsins mun halda áfram með óbreyttum hætti, en ráðist verður í nauðsynlegar endurbætur og jafnframt skoðaðir möguleikar á frekari uppbyggingu. Áfram verður lögð áhersla á gott samstarf við starfsfólk, viðskiptavinum og nærsamfélagið.

Áætlað er að afhending eigi sér stað eigi síðar en 1. maí. Gert er ráð fyrir að viðskiptin taki gildi að uppfylltum fyrirvörum, þar á meðal samþykki samkeppnisfyrivalda.



Nýsköpun í Hvolsskóla

Nemendur elsta stigs Hvolsskóla hafa unnið hörðum höndum að hópaverkefni síðustu vikur. Nýsköpunarverkefni Hvolsskóla er lagt fyrir á þriggja ára fresti og í ár var komið að því að leggja það fyrir í þriðja sinn. Verkefnið var unnið þvert á námsgreinar og unnu nemendur verkefni í ákveðnum þrepum sem leiddi að sýningu á nýrri vöru eða þjónustu.

Mánudaginn 16. febrúar var opið hús í Hvolnum þar sem gestir og gangandi gátu kíkt við og litið augum nýsköpun hjá 16 hópum. Nemendur stóðu sig vel við að kynna sína nýsköpun

og margar sniðugar og hagnýtar hugmyndir litu dagsins ljós. Dómnefnd heimsótti alla bása og átti erfitt verkefni fyrir höndum, að velja þrjár bestu hugmyndirnar. Í dómnefnd voru Arnbjörn Ólafsson, eigandi og framkvæmdastjóri Geocamp Iceland, Freyr Friðriksson, stofnandi og eigandi KAPP ehf. og Sigurbjörg Fríða Ólafsdóttir framkvæmdastjóri Southcoast Adventure. Úrslit fóru þannig að Græðum ehf, sem var hópur skipaður nemendum úr 9. bekk, hlaut viðurkenningu fyrir hugmynd sína að nýta ull sem áburð við uppgræðslu jarðvegur

og plöntun trjáa. Annar hópur úr 9. bekk, Ferðatreyjur hlaut einnig viðurkenningu fyrir þá viðskiptahugmynd að leigja út treyjur fyrir fótboltaleiki innanlands sem utan. Að lokum hlaut hópur úr 10. bekk viðurkenningu fyrir forritið Snjallspjall, samfélags- og upplýsingamiðil fyrir 60 ára og eldri.

Nýsköpunarsýningin heppnaðist einkar vel og var gaman að sjá frumlegar hugmyndir nemenda verða lifandi og raunverulegar með góðum kynningum hópanna. Framtíðin er björt.



GROOVIS

Opíð mið-fös 17:00-
22:00

Lau & sun 13:00-22:00



Veislupjónusta Groovis

Við leigjum út ýmislegt fyrir veislur

- Krapvélar
- Kandífloss vél
- Kúlulísbord
- Groovis vagninn ásamt sápukúlulísi

Sjáðu meira inná
www.groovis.is/rental



PALLA- RÁÐGJÖF Á SELFOSSI 13.-14. MARS

Svanfríður Halldórsdóttir landslagsráðgjafi verður stödd í BYKO Selfossi dagana 13. og 14. mars.

Nýttu þér tækifærið og bókaðu tíma með henni til að fá ráðgjöf um framkvæmdir í garðinum þínum. Að tíma loknum færð þú hugmyndabók með þvíðum teikningum ásamt málsetningum.



**BÓKAÐU
TÍMA**

SKANNAÐU
KÓÐANN EÐA
FARÐU Á BYKO.IS
OG PANTAÐU TÍMA



BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

„Má búast við að hlæja, gráta og svo hlæja aftur!“

Líkfélag Selfoss hefur hafið sýningar á leiksýningunni Skilaboðaskjóðan eftir Þorvald Þorsteinsson í leikstjórn Gunnars Inga Gunnsteinssonar í Litla leikhúsinu við Sigtún.

Skilaboðaskjóðan segir frá henni Möddumömmu og syni hennar, honum Putta litla, sem búa í Ævintýraskóginum þar sem öll ævintýrin gerast og dvergarnir sinna mikilvægum störfum. Putta dreymir um að verða ævintýra-prins og hann langar að bjarga öllum frá nátttröllinu. Þegar Nátttröllid rænir Putta til að breyta honum í tröllastrák sam-einast allir íbúar skógarins til að bjarga honum áður en sólin sest á bak við sólarlagsfjall. En þegar nornin, úlfurinn og stjúpán vilja ekki vera með þá eru góð ráð dýr.

Skilaboðaskjóðan er ævin-týrasöngleikur byggður á sam-nefndri bók Þorvaldar sem kom út árið 1986 og naut mikilla vinn-sælda. Söngleikurinn var frum-sýndur á stóra sviði Þjóðleik-hússins árið 1993 í leikstjórn Kolbrúnar Halldórsdóttur og sló í gegn.

Sýningin var frumsýnd síð-ustu helgi, 27. febrúar, og var þétt setið, enda uppselt. Sýningin gekk afar vel og Jóhann G. Jó-hannsson, tónlistarstjóri sem samdi tónlistina fyrir Skilaboð-skjóðuna, mætti og sá frumsýn-ingu. Í lok sýningar fór Kjartan Björnsson með einlæga ræðu þar sem hann færði leikfélaginu þakklætisvott og hamingjuóskir frá samfélaginu í Sveitarfélaginu Árborg.

Ronja Lena Hafsteindóttir er 18 að verða 19 ára og stundar nám við Fjölbautaskóla Suður-lands. Ronja leikur eitt af aðal-hlutverkunum, Möddumömmu,



Myndir teknar á rennsli. Ljósmyndir: Helga Guðrún Lárusdóttir.

ljúfu saumakonuna í Ævintýra-skóginum sem er líka mamma Putta litla.

„Æfingarnar hafa gengið mjög vel, þetta er alltaf mjög þreytandi og mjög erfitt ferli en kemur alltaf svo vel út. Á meðan maður er að æfa svona skemmtileg leikrit þá er maður líka að kynna nýju og mjög skemmtilegu fólki,“ segir Ronja Lena Hafsteindóttir, en æfingar hófust 12. janúar sl.

Leikhópurinn samanstendur af sautján hæfileikaríkum leik-urum á sviði, fögurra manna hljómsveit, ásamt fjöldanum öllum af einstaklingum sem vinna að leikritinu á bak við tjöldin.

Ronja segir leikhópinn afar þéttan og að vinskapurinn sé það sem skipti miklu máli baksviðs. „Við erum mjög heppin með leikhóp, allir eru svo líflegir og skemmtilegir og það er mjög sjaldan dauð þögn baksviðs. Það eru allir svo duglegir að hjálpast að ef það vantar eitthvað, og mórallinn er bara svo geggjáður! Og fólkið baksviðs er búið að

standa sig svo vel að setja upp svo frábæra og ævintýrlega sviðsmynd, þau eru búin að vera að vinna alla daga og allar nætur í að hjálpa okkur að setja upp alveg klukkaðslega flott leikrit,“ segir Ronja.

Við hverju mega gestir búast við þegar þeir mæta á sýninguna?

„Þegar þið komið á sýninguna megið þið búast við að hlæja, svo gráta og svo hlæja aftur! Þið fáið líka að vera með okkur og hjálpa okkur að finna hann Putta litla. Þessi sýning er svo mikil upplifun og sjálf væri ég svo til í að sjá þessa sýningu sjálf!“ segir Ronja. „Það er svo rosalega spennandi og gaman að sjá allt fólkið í salnum upplifa Ævin-týraskógin með okkur,“ bætir Ronja við.

Einstaklingar á öllum aldri eru hvattir til að mæta á Skilaboðaskjóðuna í Litla leikhúsinu við Sigtún. Hægt er að næla sér í miða á tix.is og verður leiksýningin sýnd næskomandi helgar í mars og apríl, oftast kl 13 eða 16.



Sunnlenski matgæðingurinn



Kjöttbollur með piparosti

Matgæðingur vikunnar er Elín Karol Guðmundsdóttir.

Takk María mín fyrir áskorun-ina. Það er alltaf svo gaman þegar við hittumst og borðum saman.

Ég ætla að deila með ykkur uppskrift að djúsi kjöttbollum sem eru uppáhalds kjöttboll-urnar okkar. Ég man ekki alveg hvar ég fékk þessa uppskrift en góð er hún.

Kjöttbollur með piparosti

500 g nautahakk
1/2 pakki Ritz kek
1 egg
1/2 piparostur
1-2 hvítlauksgeirar
1/4 rauðlaukur

Saxið laukinn og hvítlaukinn mjög fínt og blandið öllu

saman. Gerið bollur. Gott er að geyma bollurnar í 1-2 tíma í ískáp áður en þið steikið þær, þá verða þær bragðmeiri en það er ekki nauðsynlegt.

Steikið bollurnar og setjið í eldfast mót.

Sósan

200 ml rjómi
200 ml vatn
1 stk. nautakraftur
1 msk. sveppaostur
1 dl rifinn piparostur

Hitið ostana í rjómalöndunni þar til piparosturinn er alveg bráðinn og hellið svo sósunni yfir bollurnar. Bakið í ofni í ca. 20 mín. við 180°C.

Gott er að bera fram með ofnbökuðum sætum karteflum með fetaosti og fersku salati.

Ég ætla að skora á Kristinn Ágúst „Kidda“ mág minn að koma með næstu uppskrift.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Barnamenningarhátíð haldin í Árborg í fyrsta sinn

Sveitarfélagið Árborg efnir Stíl ljósmyndakeppni og ljóðakeppni barna í tilefni af Barnamenningarhátíð sem haldin verður á Vor í Árborg, dagana 22. - 26. apríl 2026. Barnamenning-arhátíð verður hluti af hinni árlegu menning-arhátíð „Vor í Árborg“.

Börn verða virkir þátttakendur og slagorð barnamenning-arhátíðar verður „fyrir börn og með börnum“. Börn munu sitja með fagaðilum í dóm-nefndum bæði ljósmynda- og ljóðakeppni, þau verða kynnar opunar- og uppskeruhátíðar og

verða stór hluti af öllum dag-skrárlíðum.

Ljósmyndakeppnin ber titil-inn „Árborg með augum barna“ og óskum við eftir sjónarhorni barna á sínar heimaslóðir. Veitt verða verð-laun fyrir bestu mynd í flokki 5 – 8 ára, 9 – 12 ára og 13 – 17 ára. Ljóðasamkeppnin er ætluð nemendum í 8. - 10. bekk og nefnist „Með ljóð í hjarta“. Efnistöku eru frjáls og er umsóknarfrestur í bæði ljósmynda- og ljóðakeppni á miðnætti 1. apríl 2026. Myndir og ljóð þurfa að berast á barna-menning@arborg.is.



Gáta vikunnar

Tengjum þetta tímabili, tekur fastar á í gráð. Undir brú hann bjó í gili, býsna snemma, mér er tjáð.

Svar við gátu í blaði 2839: **SPÓLA**
1. Spóla í snjó - 2. Segulbandsspóla - 3. Tvinnaspóla
4. Spóla upp, rjúka upp (verða spólandi reiður)



DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Gagnheiði 17, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentínsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Blaðamaður: Sæbjörg Erla Gunnarsdóttir, sími 482 1944, saebjorg@dfs.is.
Auglýsingaheild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 4.500 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X Svansvottuð prentsmíða

Prentun: Prentmet Oddi

Nýr staður, önnur búð

Verslunin Álnavörubúðin, sem hingað til hefur alltaf verið staðsett í Hveragerði, hefur nú opnað á Selfossi við Larsenstræti 2 undir nafninu Álnó. Eigandi verslunarinnar, Dóróthea Gunnarsdóttir, segir opnunina afar ánægjulega og að viðtökurnar hafi verið afar góðar.

Álnavörubúðin hefur verið í rekstri í rúm 38 ár og tók Dóróthea við rekstrinum árið 2007. Ástæða húsnæðisskiptanna er að eigandi húsnæðisins í Hveragerði, þar sem Álnavörubúðin var upprunalega, sagði upp leigusamningnum síðasta sumar.

„Það er mjög skiljanlegt að

þau vilji fara að taka húsnæðið í gegn og fara aðra leið. Þetta var og er bara minn happadrættisvinningur eins og oft er sagt þegar maður er yfir sig ánægður,“ segir Dóróthea í samtali við Dagskrána.

Dóróthea segir nýju staðsetninguna á Selfossi hafa orðið fyrir valinu því hana langaði ekki að flytja verslunina til Reykjavíkur og ekkert hentugt húsnæði var í boði í Hveragerði. „Einnig voru nokkrir sem höfðu samband við mig út af húsnæðum á Selfossi. Ég er svo glöð í dag að hafa komið inn á Selfoss og mér heyrir fólk vera ánægt með að fá búðina á svæðið,“ segir Dóróthea.

Staðsetningin og húsnæðið segir Dóróthea alveg frábært. Frá opnuninni á Selfossi hefur verið mikið um að vera og viðskiptavinir almennt mjög sáttir. „Þetta er geggjað húsnæði, hjart og fallegt útsýni. Á gamla staðnum vissi maður ekki hvernig veðrið var því það sást varla út,“ segir hún og hlær.

Í kjölfar flutninganna var skódeildin stækkuð verulega, sem og sunddeildin. Dóróthea hyggst einnig leggja aukna áherslu á útivistarfatnað en tekur fram að hún hlusti alltaf vel á óskir og þarfir viðskiptavina. „Maður verður bara að hlera fólk hvað vantar. Nýr staður, önnur búð,“ segir hún.

Álnó er með hefðbundna vetrar- og sumaropnunartíma. Nú stendur vetraropnun yfir í Álnó. Á vetraropnunartíma opnar búðin klukkutíma seinna en á sumaropnun en er þó allan helgar opin í styttri tíma, bæði laugardaga og sunnudaga.



Dóróthea Gunnarsdóttir, eigandi Álnó. Mynd: SEG.

Soroptimistar taka þátt í Alþjóðlegum baráttudegi kvenna – því það skiptir máli.

Alþjóðlegur baráttudagur kvenna 8. mars er jafn mikilvægur nú sem áður. Dagurinn er mikilvægur um allan heim og við, Soroptimistar notum tækifærið og tölum einni röddu fyrir réttindum, öryggi og framtíð kvenna og stúlkna. Þessi dagur er alþjóðlegur vettvangur til að fagna framförum en einnig vettvangur til að draga fram viðvarandi ójafnrétti og knýja fram breytingar í þágu kvenna og stúlkna.

Við Soroptimistar vitum að kynjajafnrétti er bæði áfangi sem vert er að fagna og markmið sem við verðum áfram að vinna að. Konur munu halda áfram að móta samfélög, leiða nýsköpun, byggja upp frið og efla réttlæti. Áherslur okkar hvetja okkur til að fagna og finna innblástur af þeim ótrúlega árangri sem konur ná á hverjum degi. Jafnframt minnir það okkur á að áframhaldandi árangur krefst sýnileika og sameiginlegrar skuldbindingar.

Árið 2026 leggur Soroptimistasamband Evrópu áherslu á slagorðið „Why it matters“ – konur knýja framfarir. Það skiptir meira máli nú en nokkur sinni fyrr að Soroptimistar séu rödd kvenréttinda, upplýst og trúverðug á tímum þegar jafnrétti á undir högg að sækja. Þótt margt hafi áunnist er enn



verk að vinna og Soroptimistar munu áfram vera í fararbroddi með því að magna sameiginlega rödd, fagna árangri okkar og einbeita okkur að því að skapa framtíð þar sem jafnrétti er fyrir alla.

Með víðtækri þátttöku sem tengist 8. mars staðfestum við að jafnrétti verður aðeins náð þegar við stöndum saman sem mannkyn og höldum áfram að knýja saman á um raunverulegar sjálfbærar aðgerðir.

20 Soroptimistaklúbbar um allt land munu á margvíslegan hátt minna á Alþjóðlegan baráttudag kvenna. Soroptimistaklúbbar Suðurlands er öflugur klúbbur sem ég hvet lesendur til að kynna sér nánar. soroptimist.is

Katrín Káradóttir
1.varaforseti Soroptimistasambands Íslands

“**parmaflóran** er ósýnilegur áhrifavaldur í lífi okkar - einnig á **BREYTINGASKEIÐINU**”

“Ég finn svo vel hvað **huemeno® Me** gerir mér gott. Meltingin verður betri og léttari, orkan jafnari og mér líður allri betur”.

huemeno® Me er fjölvirk blanda fyrir flóruna alla, fyrir meltinguna og orkuna og efnaskiptin.

Þorbjörg Hafsteinsdóttir
-fyrir huemeno®

huemeno.is

Framboðslisti xS og óháðra Árborg 2026

Félagsfundur Samfylkingarinnar í Árborg verður haldinn í Tryggvaskála miðvikudaginn 11. mars kl. 17:00

Á fundinum verður framboðslisti xS og óháðra í Árborg kynntur og borinn undir fundinn.

Sérstakur gestur fundarins er **Kristrún Frostadóttir** forsætisráðherra og formaður Samfylkingarinnar.

Öll velkomin.



Samfylkingin
á Suðurlandi



www.xs.is

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

OPNUNARTÍMAR

Mánudaga kl. 11-14
Opið hús

Þriðjudagar kl. 11-13
Upprekjur

Þriðjudagar kl. 14-16
Unga fólkið

Miðvikudagar kl. 11-14
Opið hús

Fimmtudagar lokað
Viðburðir auglýstir sérstaklega á
Brossiðunni

Föstudagar kl. 11-13
Opið hús

Fyrsta þriðjudag í mánuði
Karlahöpurinn Smárarnir kl. 18
Eyravegur 31, Selfossi

Sími 482 1022 og 788 0300
arnessysla@krabb.is
krabbameinsfelagarnessyslu.net

Facebook: Krabbameinsfélag
Árnessýslu/Brosið/Smáranir

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir - einn dagur í
einu, alla laugardaga.
Nýliðafundur hefst 9:30 og
Al-Anon fundur strax að
honum loknum klukkan 10:00.

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
í Hrísholti 8. Nýliðafundur kl.
20:00. Fundur kl. 20:30.

AA

Mán. kl. 20:30 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa kro-
kus. Poniedziałek i czwartek i
sobota godzina 19:00. Hrísholt
8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni

Fundur alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi
1, Þorlákshöfn
Mánudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, neðri
hæð, miðvikudaga kl. 19:30.

AA fundir í Hveragerði í húsi

Rauða krossins. Mánamörk 1
Mánudaga Kl.18 - Konur
Fimmtudaga Kl.18 -
Sporafundur - Konur

ÞJÓNUSTA



Daglegar ferðir

SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

Fjárheimar ehf.

Eyravegi 37, 2h - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

Hægt er að senda inn
fréttatilkynningar
á netfangið dfs@dfs.is



HEILSA

Energy Touch
- Nudd
- Heildræn
meðhöndlun



Jákvæðar
hugsanir
breyta deginum



Ragnhildur
Sigurðardóttir
Sími 693 2197
ragnhildurgagga.is

Cand.mag. í þróttáfræðum,
nálastungur, yoga,
NLP-master/coach,
heilsumuddari,
Hugræn atferlismeðferð,
meta medicine.

FÉLAGSSTÖRF



SKRIFSTOFA FEBSEL

Opin fimmtudaginn
5. mars kl. 13:00-14:30

OPIÐ HÚS

Fim. 5. mars kl. 14:45

GÓÐ NÆRING
Á EFRI ÁRUM

GEIR GUNNAR MARKÚSSON.
NÆRINGARFRÆÐINGUR

Kaffihlaðborð kvennfélagsins
verð 1.500 kr.

ML komst ekki í fjögurra liða úrslit

Fyrstu útsendingunni af 8 liða úrslitum í Gettu betur var streymt í gærkvöldi. Menntaskólinn að Laugarvatni mætti þar Verzlunarskólanum. Verzlunarskólinn fór með sigur af bítum með 38 stig gegn 11 og er ML því úr leik og fer ekki áfram í fjögurra liða úrslit.

Þetta er í fyrsta sinn í rúm 30 ár sem Menntaskólinn að Laugarvatni kemst áfram í sjónvarpsviðureign. Lið ML skipuðu þau Þórey Kristín Rúnarsdóttir frá Selfossi, Stefán Gunngeir Stefánsson frá Ölfusi og Allan Holm Rúnarsson frá Hveragerði.

Fjölbrautaskóli Suðurlands mætir Fjölbrautaskóla Vesturlands í 8 liða úrslitum í Gettu betur, 19. mars næstkomandi.



Lið Menntaskólans að Laugarvatni f.v. Stefán Gunngeir Stefánsson, Allan Hólm Rúnarsson og Þórey Kristín Rúnarsdóttir. Mynd: Rúv.

KIRKJUR

Skálholtsdómkirkja
Messa í dómkirkjunni kl. 11 sunnudaginn 8. mars. Sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir sóknarprestur þjónar og prédikar. Eyrún Jónasdóttir leikur á orgel og leiðir safnaðarsöng. Meðhjálparar eru Lucy og Meguru. Innilega velkominn.

Mosfellskirkja í Grímsnesi
Föstuþingurinn í Litlu svörtu kirkjunni halda áfram. Miðvikudaginn 11. mars, kl. 19.30, verður með okkur sr. Jóhanna Magnúsdóttir sóknarprestur í Vík í Mýrdal. Hún flytur erindið: „Hver er mestur í himnaríki? Hugleiðingar um sjálfsmýnd og verðmæti manneskjunnar“. Kirkjukaffi á prestsetrinu. Innilega velkominn.

Þorláksskirkja
Guðsþjónusta kl. 11:00. Félagar í Orðinu, félagi um útbreiðslu Guðs orðs flytja hugleiðingar. Kór Þorlaks- og Hjallasóknar leiðir almennan safnaðarsöng undir stjórn Péturs Nóa Stefánssonar, organista. Sr. Sigríður Munda Jónsdóttir þjónar fyrir altari. Verum öll velkominn.

Stokkseyrarkirkja
Kvöldmessa sunnudaginn 8. mars kl. 20:00. Kammerkórinn leiðir sönginn, kantor Pétur Nói Stefánsson, einsöngur Guðný Alma Haraldsdóttir. Prestur Guðbjörg Arnardóttir.

Selfosskirkja
80 ára afmælistessa Kirkjukórs Selfosskirkju, sunnudaginn 8. mars kl. 11:00. Kirkjukórinn og fyrrum kirkjukórsfélagar syngja. Organisti Edit A. Molnár. Fiðluleikur Hugufrún Birna Hjaltadóttir. Prestur Guðbjörg Arnardóttir. Þriðjudaginn 10. mars kl. 19:30, Á sagnslóð. Guðmundur Brynjólfsson fer yfir sögu Selfosskirkju og Lýður Pálsson fer yfir sögu Kirkjukórsins. Tónlistartriði á milli erinda. Morgunbærinn miðvikudaga kl. 10:00, Krílasálmur kl. 10:30, foreldrasamvera kl. 11:00 og miðvikudaginn 11. mars verður Anna Guðríður Gunnarsdóttir með fræðslu um tengslamyndum og tákn barnsins.

Ljóð vikunnar

12 FEBRÚAR 1983

Aldur hans

ótal hrukkur.

Hann var ekki alltaf svona;

hann drakk rauðvín;

ef hann fékk sektarkennd,

grét hann og bað bænir

þangað til hann sá ljóma Guðs.

Nýlega fór hann í þorpið,

hann sá að eikin var skrælnuð,

skírnarfonturinn orðinn að ösku,

presturinn gras,

og Allah langt að baki fjallanna,

langt, langt í burtu,

ósýnilegur.

FUAD RIFKA, SÝRLANDI-LÍBANON 1930-2011

Þór Stefánsson þýddi eftir eskri þýðingu Fuads Rifka og Germaines Droogenbroodt

Úr: 'The Ruin of the Sufi'

Ljósmynd: Germain Droogenbroodt

Við prentum ljósmyndir

honnun.prentmetoddi.is

Við prentum ljósmyndir í öllum algengustu stærðunum.



SENDUM
HVERT Á LAND
SEM ER



Hallgrímur Helgason: „Njála er Dómkirkja Íslendinga.“

Gullkistan miðstöð sköpunar, Glistamannasetur sem Alda Sigurðardóttir rekur, boðaði til fagnaðar í sal Menntaskólans á Laugarvatni miðvikudagskvöldið 25. febrúar sl. Hallgrímur Helgason rithöfundur var gestur kvöldsins og flutti fyrirlestur um Njálssögu undir nafninu: „Hál ertu Njála.“

Gullkistan hefur starfað í sautján ár á Laugarvatni og var Hallgrímur gestur nr. 701. Hallgrímur hefur áður flutt erindi sitt við miklar undirtektir. Hann sagði frá því í upphafi að hann myndi taka klukkutíma og korter í fyrirlesturinn. Er skemmst frá því að segja að hann fylgdi söguþræði Njálu og með mögnuðum lýsingum og samanburðarfræði þar sem hann tengdi Njálu við stærstu verk samtímans bæði í bókmenntum, kvikmyndum og myndlist. Hann beitti leikrænum tókum þegar hann flutti aðalatriði Njálssögu með magnaðri röddu fræðimannsins Einaris Ólafs Sveinssonar, mesta og þekktasta upplesara Njálu. Þá reyndi hann að grafast fyrir um tilurð hennar og leita skýringa á ritsnildinni án þess þó að fullyrða neitt um hugsanlegan höfund verksins.

Lokaorðin voru mögnuð þegar hann felldi dóm sinn um Brennu Njálssögu með þessum orðum: “Og er þá komið að helsta seiðmagni sögunnar sem er sú staðreynd að hana hafa all-



Hallgrímur Helgason og Guðni Ágústsson. Mynd: Aðsend

ir Íslendingar lesið, og þá meina ég allir sem búið hafa á Íslandi frá því sagan var skrifuð. Nýlega kom ég í dómkirkjuna í Ribe á Suður-Jótlendi sem er nánast jafnaldra Njálu. Það er ótrúlegt að ganga inn í slíkt hús. Enn ótrúlegra er þó að ganga inn í þá miklu dómkirkju sem Njála er. Hér hafa allir Íslendingar setið við guðsþjónustu, hugsíð ykkur það, hér hafa þau setið saman á bekk: Jónas Hallgrímsson, Vigdís Finnbogadóttir, Hallgrímur Pétursson og Ólöf ríka. Hannes Hafstein og Látra Björg. Guðni Ágústsson og Arngrímur lærði. Katrín Jakobsdóttir og Konráð Gíslason. Hér hefur Íslands-sagan hlustað. Njála er elsti og mikilvægasti samkomustaður þjóðarinnar og verður vonandi áfram á meðan land byggist. Ekki vildi ég skipta á Njálu fyrir alla heimsins kastala.”

Undirritaður sem formaður Njálufélagsins lauk svo kvöldinu með ávarpi og þakkaði rithöfundinum fyrir frábært erindi og sæmdi hann skikkjunni „Upp með Njálu.“ Og færði staðgengi skólameistara, Áslaugu Harðardóttur, bláa skikkju Njáls á Bergþórshvoli til heiðurs og þakklætis fyrir Njálukennslu ML í sjöttu og þrjú ár. Lauk kvöldvökunni með margföldu lófataki viðstaddra svo að enn var gamli Menntaskólasalurinn á Laugarvatni lifandi „Dómkirkja,” þar sem Njála, dýrmætust allra forn-sagna, lék aðalhlutverkið eins og þegar gömlu kennararnir Ólafur Briem, Haraldur Matthíasson og Óskar Ólafsson gerðu „mennt-skælinga“ að Njáluunnendum. Hafið heila þökk Alda Sigurðardóttir og Hallgrímur Helgason.



Sr. Jóhanna Magnúsdóttir í Mosfellskirkju

Það er löng og gróin hefð fyrir miðvikudagsmessum í litlu svörtu kirkjunni að Mosfelli á föstutímanum. Í ár er engin undantekning á því og á þessari föstu er alla miðvikudaga kl. 19.30 boðið upp á messu með sérstöku ihugunarefni og endað með kirkjukaffi og samtali á prestsetrinu.

11. mars, kl. 19.30, verður með okkur sr. Jóhanna Magnúsdóttir sóknarprestur í Vík í Mýrdal. Hún flytur erindið: „Hver er mestur í himnaríki? Hugleiðingar um sjálfsmynd og verðmæti manneskjunnar“. Sr. Jóhanna hefur áralanga reynslu af ráðgjöf, stjórnun og skólastarfi, auk þess að hafa þjónað sem prestur

í Skálholti og á Sólheimum. Hún er því okkur hér í prestakall-

inu af góðu kunn. Kirkjukaffi á prestsetrinu. Innilega velkomin.



Ert þú
**SUNNLENSKUR
ENGILL?**

Englafjárfestar eru einstaklingar sem fjárfesta í fyrirtækjum á byrjunarstigi.

Auk fjármagns koma englafjárfestar gjarnan með dýrmæta reynslu, þekkingu og tengslanet sem getur skipt sköpum fyrir vöxt og þróun fyrirtækjanna, á sama tíma og þeir taka þátt í áhættu og mögulegum ávinningi verkefnanna.

Jöfnum aðengi nýsköpunarverkefna að fjármagni, óháð staðsetningu, og styrkjum þannig Suðurland sem samkeppnishæfan og spennandi vettvang fyrir frumkvöðlastarfémi og fjárfestingar.

Rafrænn kynningarfundur 9. mars kl 12:00
skráning á www.hfsu.is

AUGLÝSINGAR UM SKIPULAGSMÁL

Grímsnes- og Grafningshreppur



Samkvæmt 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga eftirfarandi deiliskipulagsáætlunar:

- 1. Reykjalundur L168273; Skilgreining svæðis; Deiliskipulag - 2601048**
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 18. febrúar 2026, að kynna nýtt deiliskipulag sem tekur til Reykjalundar L168273 í Grímsnes- og Grafningshreppi. Á jörðinni er rekin garðyrkjustöð og stendur til að stækka starfsemina og auka framleiðslu. Samhliða verður rekin ferðaþjónusta með gistingu fyrir allt að 20 gesti. Einnig munu eigendur búa á jörðinni og vera með húsnæði fyrir starfsfólk. Stærð skipulagssvæðis er 8 ha.
- 2. Krókur land L219678; Skilgreining svæðis; Aðalskipulagsbreyting - 2510045**
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 5. nóvember 2025, að kynna niðurstöðu fundar vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps. Við endurskoðun aðalskipulags með tilliti til útmarka landeignar Króks L219678, var óbyggt svæði látið liggja of langt innan landeignar og ná yfir svæði sem er landbúnaðarland í flokki L3 og frístundabyggð (F7). Þessari afmörkun var breytt samhliða deiliskipulagsbreytingu árið 2007 fyrir frístundabyggð sem minnkar landbúnaðarland og stækkar óbyggt svæði (ÓB). Með þeirri breytingu sem hér er gerð er því verið að færa afmörkun óbyggðs svæðis (ÓB), landbúnaðarlands (L3) og frístundabyggðar (F7) til fyrra horfs innan landeignar. Deiliskipulagsbreyting er lögð fram samhliða þessari aðalskipulagsbreytingu.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Hverabraut 6, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.utu.is og á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar skipulagsgatt.is/.

Mál 1. innan auglýsingar er skipulagsmál í kynningu frá 5. mars 2026 með athugasemdarfresti til og með 27. mars 2026.

Mál 2. innan auglýsingar er tilkynning um niðurstöðu sveitarstjórnar vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi.

Athugasemdum og ábendingum skal skila inn á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar www.skipulagsgatt.is undir viðeigandi máli. Einnig má koma á framfæri athugasemdum og ábendingum skriflega á skrifstofu UTU Hverabraut 6, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið skipu-lag@utu.is.

Fyrirspurnir má senda á netfang UTU skipulag@utu.is.

Sigríður Kristjánsdóttir
Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og Tæknisviðs Uppsveita

FROSTKÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIDI 9, SELFOSSI - Sími 464 9400 - WWW.FROST.IS**LAGNIR****ALHLIÐA PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR**Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.isEndurmenntun atvinnubílstjóra
Akstursþjálfun - Meirapróf

okuland.is

**ÖKULAND****SAGTÆKNI EHF****STEYPUSÖGUN
KJARNABORUN
MÚRBROT**

sími 567 4262


sagtaekni@sagtaekni.is - www.sagtaekni.is

GÆÐI
PEKKING
ÞJÓNUSTA**ÁREIÐANLEGIR
PÍPULAGNINGAVERKTAKAR**Sími 769 0001 (Halli) - 800 Selfossi
lagnaland@lagnaland.is

LAGNALAND EHF.

STÍFLULOSUN
SUÐURLANDSSTÍFLULOSANIR
LAGNAMYNDUN - ÁSTANDSSKODANIR
SÓNUM ÚT LAGNIR
LAGNAFÓÐRUN
ROTÞRÆR
FITUGILDRUR
SANDGILDRUR
SKÓLPHEINSISTÖÐVAR
HOLRÆSAHREINSUN

510 1180 - 669 8441

ÁRATUGA REYNSLA
OG SÉRPEKKING
Á FRÁVEITUMÁLUM**PÚLSINN**
Raf & kæliþjónusta**Kæli & Frystikerfi**
Viðgerðir · Þjónusta
Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com

VALDI MÁLARIFramúrskarandi málningar-
þjónusta, vönduð vinnu-
brögð, góð samskipti og
sanngjarnt verð.

Valdi málari

Sími 823 4522

**VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf**
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980**Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði**Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980**Sprettur
ÁBURÐUR****Skeljungur**
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009**LÖGGILTUR
HÚSASMÍÐAMEISTARI**

NÝSMÍÐI · VIÐHALD · BREYTINGAR

KARL S:692-2575
800SMIDI@GMAIL.COM**Stíflupjónusta
Sævars Selfossi**Sími: 861 1919
stifla.selfoss@gmail.comYFIR
20 ÁRA
REYNSLA**Stíflulosun úr lögnum
Myndun lagna
Rótarskurður o.fl.****Pípulagnir Júlla**

Persónuleg þjónusta

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Sími 772 1456 - ornja@bnet.is - www.pipulagnirjulla.is

Lagnapjónustan ehf**Pípulagnir - Efnissala**
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími**ÖLL ALMENN
SMÍÐAVINNA****LÖGGILTIR
HÚSASMÍÐAMEISTARAR**848 0964 899 0979
GÍSLI ÖRN

GBHUSEHF@GMAIL.COM



SÍMI: 848-0964

prentmet
heilidarlagnir í prentunSími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is**Vinnuvélanámskeið
á netinu!**

www.vinnuvelaskolinn.is

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

**Lagnir og Lausnir ehf**
Ykkar óskir, okkar lausnir

Kristinn 660 1580 Einar 660 1581 lagniroglausnir.is